



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
02.07.2015**

**174. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 2. júlí kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Arni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 4. lið; Viðbót við rekstrarleyfi – Kiðagil.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Skipun í vinnuhóp vegna rekstrarfyrirkomulags félagsheimila sveitarfélagsins
2. Staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu
3. Áform um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn
4. Viðbót við rekstrarleyfi – Kiðagil

1. Skipan í vinnuhóp vegna rekstrarfyrirkomulags félagsheimila sveitarfélagsins

Lagt til að skipa þrjá fulltrúa í vinnuhóp vegna rekstrarfyrirkomulags félagsheimila í sveitarfélaginu. Vinnuhópin skipa Heiða Guðmundsdóttir og Arnór Benónýsson, fulltrúar A-lista og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson fulltrúi T-lista.

Samþykkt samhljóða.

2. Staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu

Tekin til umræðu staðsetning gámavallar í sveitarfélaginu í kjölfar þróunarsamnings um sorphirðu við Gámaþjónustu Norðurlands. Sveitarstjóra og starfsmönnum sveitarfélagsins falið að kanna möguleika á staðsetningu gámavallar í samræmi við umræður fundarins.

Samþykkt samhljóða.

3. Áform um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn

Í ljósi frétt aflutnings um boðaða sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) vill sveitarstjórn Þingeyjarsveitar taka

undir bókun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps frá 24. júní s.l. og hvetur Umhverfisstofnun til að horfa frekar til samstarfs/samvinnu/sameiningar Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) og RAMÝ með það að markmiði að efla starfsemi þessara rannsóknastofnanna í héraði.

4. Viðbót við rekstrarleyfi – Kiðagil

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 1. júlí s.l. þar sem Magnús Skarphéðinsson sækir um viðbót við fyrri rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga og bæta við einu húsi sem stendur við Kiðagil í Bárðardal í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við viðbót á rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veðiþeyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar
sími 464 3903
www.heidarbaer.is
Seljum Veðikortið og Útilegukortið

Sumartónleikar við Mývatn 2015

29 starfsár.

Reykjahlíðarkirkja laugardag 11. júlí kl. 21.00

Flytjendur: DÚÓ STEMMA.

Dúó Stemma eru Herdís Anna Jónsdóttir, víóluleikari og Steef van Oosterhout, slagverksleikari. Þau leika bæði í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Þau flytja efnisskrá sem samanstendur af íslenskum þjóðlögum, þulum og vísum og lögum sem samin hafa verið fyrir þau, eða þau sjálf útsett. Þau leika á víólu, marimbu, íslenskt steinaspil, allskonar hefðbundin og heimatilbúin hljóðfæri og skapa skemmtilega stemmningu í tali, tónum og hljóðum. M.a. eru þjóðlög sem Hólmsfríður Pétursdóttir söng inn á segulband 1969, lög frá Gautlöndum, og lög eftir Snorra Sigfús Birgisson og Hjálmar H. Ragnarsson.



Ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við kirkjudyr.

Listraenn stjórnandi sumartónleika: Margrét Bóasdóttir. Helstu stuðningsaðilar: Tónlistarsjóður, Landsbyggðartónleikar FÍT og FÍH, Reykjahlíðarkirkja, Skútustaðakirkja, Skútustaðahreppur, Mýflug, Sparisjóður Þingeyinga, Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis, Hótel Reynihlíð, Sel Hótel Mývatn, Hótel Laxá, Hótel Gígur, Hlíð ehf - Eldá ehf, Vogar ferðabjónusta, Vogafjós, Kaffi Borgir, Jarðböðin við Mývatn.

27. tbl.
9. júlí
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Vörumóttaka

Hjá Goðafossmarkaði ehf



Verður þriðjudaginn 14. júlí næstkomandi
frá 17:00-20:00

Endilega hafið í huga að úrvalið á vörum sem eru gerðar úr beinum og hornum er farið að minnka, t.d. áhöldum, drykkjarhornum o.s.frv.

Gæðanefndin og Hjördís



Skógardagur Norðurlands
verður haldinn Vaglaskógi 11. júlí
kl. 13-17

- Gönguferðir um trjásafnið og fræhúsið
- Helstu viðarvinnslutæki til sýnis
- Grisjunarvél sýnd að verki
- Ketilkaffi, lummur, popp og pinnabrauð í boði
- Leikir, bogfimi, skúlptúrar, handverk og fleira

Skógardagur Norðurlands er samvinnuverkefni Skógræktar ríkisins, Norðurlandsskóga, Félags skógarbænda á Norðurlandi, Skógræktarfélags Eyfirðinga, Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga, Skógræðingafélags Íslands, Sólskóga ehf. og Jötunns véla ehf.